

Hagnaður 1.419 millj. kr. á 2F 2025

Helstu niðurstöður 2. ársfjórðungs 2025

- Vörusala nam 43.579 millj. kr. sem er aukning um 20,9% milli ára en 7,3% aukning án áhrifa Lyfju sem kom inn í samstæðuna frá júlí 2024.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 11.008 millj. kr. sem er aukning um 28,1% á milli ára en 10,5% án áhrifa Lyfju.
- Framlegðarstig nam 25,3% og hækkar um 1,5 p.p. frá 2F 2024 og hækkar um 0,9 p.p frá síðasta ársfjórðungi.
- Laun og starfsmannakostnaður nam 5.585 millj. kr. og eykst um 26,6% milli ára en 5,9% án áhrifa Lyfju.
- EBITDA nam 3.938 millj. kr. og hækkar um 35,1% milli ára en 21,6% án áhrifa Lyfju.
- Hagnaður fjórðungsins nam 1.419 millj. kr. og hækkar um 467 millj. kr. milli ára.
- Eigið fé nam 44.123 millj. kr. og er eiginfjárlutfallið 37,7% í lok 2F 2025 samanborið við 37,9% í lok árs 2024. Félagið úthlutaði arði fyrir 1.401 millj. kr. sem greitt var til hluthafa 9.apríl.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2025 var hækkuð 17. júlí sl. um 800 millj. kr. og nemur 15.200 – 15.600 millj. kr.

Milljónir króna	2F 2025	2F 2024	Breyt.	% Breyt.	6M 2025	6M 2024	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Vöru- og þjónustusala	43.579	36.037	7.542	20,9%	81.365	68.260	13.105	19,2%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	11.008	8.593	2.415	28,1%	20.220	15.626	4.594	29,4%
Aðrar rekstrartekjur	569	527	43	8,1%	1.118	1.035	83	8,1%
EBITDA	3.938	2.915	1.022	35,1%	6.427	4.813	1.614	33,5%
EBIT	2.470	1.932	537	27,8%	3.569	2.906	663	22,8%
EBT	1.736	1.169	567	48,5%	2.064	1.399	665	47,5%
Hagnaður tímabilsins	1.419	953	467	49,0%	1.699	1.155	544	47,1%
Efnahagsreikningur					30.6.2025	31.12.2024	Breyt.	% Breyt.
Birgðir					14.316	14.118	198	1,4%
Víðskiptakröfur					6.472	7.168	-696	-9,7%
Handbært fé					5.142	4.075	1.067	26,2%
Vaxtaberandi skuldir					43.030	43.956	-927	-2,1%
Nettó vaxtaberandi skuldir					37.887	39.881	-1.993	-5,0%
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA					2,7	3,2	-0,5	-15,6%
Eiginfjárlutfall					37,7%	37,9%	-0,2 p.p.	-0,4%
Arðsemi eigin fjár					10,7%	10,4%	+0,3 p.p.	3,3%
Sjóðstreymi	2F 2025	2F 2024	Breyt.	% Breyt.	6M 2025	6M 2024	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	5.205	3.063	2.142	69,9%	7.612	3.600	4.011	111,4%
Fjárfestingarhreyfingar	-1.766	-529	-1.236	233,5%	-2.530	-1.264	-1.266	100,2%
Fjármögnunarhreyfingar	-3.353	-2.059	-1.294	62,8%	-4.035	-2.284	-1.751	76,7%
Handbært fé í lok tímabils	5.142	3.395	1.747	51,5%	5.142	3.395	1.747	51,5%
Lykiltölur								
Framlegð af vörusölu	25,3%	23,8%	+1,5 p.p.	5,9%	24,9%	22,9%	+2,0 p.p.	8,6%
Starfsmannakostnaður/framlegð	50,7%	51,3%	-0,6 p.p.	-1,2%	53,9%	53,5%	+0,4 p.p.	0,7%
EBITDA/framlegð	35,8%	33,9%	+1,9 p.p.	5,4%	31,8%	30,8%	+1,0 p.p.	3,2%
Hagnaður/framlegð	12,9%	11,1%	+1,8 p.p.	16,3%	8,4%	7,4%	+1,0 p.p.	13,7%
Hagnaður á hlut	4,6	3,2	1,4	43,9%	5,5	3,8	1,7	42,2%
Handbært fé frá rekstri/framlegð	47,3%	35,6%	+11,7 p.p.	32,6%	37,6%	23,0%	+14,6 p.p.	63,4%
Fjárfestingar	2.172	956	1.217	127,3%	3.073	1.697	1.377	81,1%

Rekstur 2. ársfjórðungs 2025

Rekstur félagsins gekk vel á öðrum ársfjórðungi og var niðurstaðan umfram áætlanir. Vörusala jókst í öllum vöruflokkum og var aukningin 20,9% milli ára en 7,3% án áhrifa Lyfju sem kom inn í samstæðuna frá júlí síðastliðnum og er því ekki í samanburðartölum. Afgreiðslufjöldinn jókst um 10,7% en 2,6% án áhrifa Lyfju. Framlegðarstig nam 25,3%, hækkar um 0,9 p.p frá fyrri ársfjórðungi, en hækkar um 1,5 p.p. frá fyrra ári. Framlegð hækkar um 28,1% milli ára en rekstrarkostnaður um 23,1% á sama tíma. EBITDA félagsins nam 3.938 millj. kr. sem er 35,1% hækkun milli ára. EBITDA N1 jókst um 457 millj. kr. milli ára eða um 37,8%, EBITDA Krónunnar jókst um 134 millj. kr. eða 9,7% og EBITDA ELKO jókst um 81 millj. kr. eða 23,2%. Hagnaður annars ársfjórðungs nam 1.419 millj. kr. sem er hækkun um 467 millj. kr. eða 49,0% milli ára.

Vörusala Lyfju nam 4.961 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi, EBITDA nam 392 millj. kr. og hagnaður 65 millj. kr.

Tekjur 2. ársfjórðungs 2025

- Heildartekjur námu 44.148 millj. kr. sem er aukning um 20,7% milli ára.
- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 43.579 millj. kr. sem er aukning um 20,9% milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 22.015 millj. kr. sem er aukning um 14,7% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 10.157 millj. kr. sem er aukning um 1,5% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 4.889 millj. kr. sem er aukning um 9,6% milli ára.
- Tekjur af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum námu 3.587 millj. kr.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 2.931 millj. kr. sem er aukning um 23,5% milli ára.

Milljónir króna	2F 2025	2F 2024	Breyt.	% Breyt.	6M 2025	6M 2024	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala								
Dagvörur	22.015	19.199	2.816	14,7%	41.644	37.173	4.471	12,0%
Eldsneyti og rafmagn	10.157	10.003	154	1,5%	18.346	18.456	-110	-0,6%
Raftæki	4.889	4.462	427	9,6%	9.198	8.495	703	8,3%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	3.587	0	3.587	-	7.060	0	7.060	-
Aðrar vörur og þjónusta	2.931	2.373	558	23,5%	5.117	4.136	981	23,7%
Samtals vöru- og þjónustusala	43.579	36.037	7.542	20,9%	81.365	68.260	13.105	19,2%
Aðrar rekstrartekjur	569	527	43	8,1%	1.118	1.035	83	8,1%
Tekjur samtals	44.148	36.564	7.585	20,7%	82.483	69.295	13.188	19,0%

Tekjur af dagvörusölu jukust um 14,7% milli ára en hluti vörusölu Lyfju fellur undir þann flokk. Tekjur af eldsneyti og rafmagni jukust um 1,5% milli ára en lækkun á heimsmarkaðsverði eldsneytis nam á bilinu 17-21% milli ára, eftir vörutegundum. Selt magn eldsneytis nam um 57,1 millj. lítrum sem er 3,4% hækkun milli ára. Tekjur af raftækjasölu jukust um 9,6% milli ára og tekjur af annarri vöru og þjónustusölu jukust um 23,5% milli ára en hluti vörusölu Lyfju fellur undir þann flokk. Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf er nýr flokkur í sundurliðun tekna með kaupum á Lyfju en tekjur af þeim flokki námu 3.587 millj. kr. á fjórðungi.

Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 2. ársfjórðungi 2025

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 11.008 millj. kr. sem er 28,1% aukning milli ára. Framlegðarstig nam 25,3% og hækkar um 0,9 p.p frá síðasta ársfjórðungi en hækkar um 1,5 p.p. frá fyrra ári.
- Framlegð af dagvörusölu nam 5.201 millj. kr. sem er aukning um 15,4% milli ára. Framlegðarstig nam 23,6% sem er hækkun um 0,1 p.p. milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 2.277 millj. kr. sem er 392 millj. kr. aukning frá árinu áður. Framlegðarstig nam 22,4% og hækkar um 3,5 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.282 millj. kr. sem er hækkun um 11,2% milli ára. Framlegðarstig nam 26,2% sem er hækkun um 0,4 p.p. milli ára.
- Framlegð af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölu lyfjum nam 955 millj. kr. en það er nýr flokkur hjá samstæðunni.
- Framlegð af annarri vöru- og þjónustusölu nam 1.294 millj. kr. sem er aukning um 23,4% milli ára. Framlegðarstig nam 44,1% sem er lækkun um 0,1 p.p. frá árinu áður.

Milljónir króna	2F 2025	2F 2024	Breyt.	% Breyt.	6M 2025	6M 2024	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu								
Dagvörur	5.201	4.506	695	15,4%	9.782	8.489	1.293	15,2%
Eldsneyti og rafmagn	2.277	1.886	392	20,8%	4.107	3.294	814	24,7%
Raftæki	1.282	1.153	129	11,2%	2.390	2.184	206	9,4%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölu lyfjum	955	0	955	-	1.887	0	1.887	-
Aðrar vörur og þjónusta	1.294	1.049	245	23,4%	2.053	1.659	394	23,8%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	11.008	8.593	2.415	28,1%	20.220	15.626	4.594	29,4%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 11.008 millj. kr. samanborið við 8.593 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2024 sem er 28,1% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 5.201 millj. kr. sem er 15,4% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 2.277 millj. kr. sem er aukning um 392 millj. kr. milli ára. Framlegð af raftækjasölu nam 1.282 millj. kr. sem er 11,2% hækkun milli ára. Framlegð af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölu lyfjum nam 955 millj. kr. en það er nýr flokkur með tilkomu Lyfju í samstæðuna. Framlegð annarra vara og þjónustu nam 1.294 millj. kr. sem er 23,4% hækkun milli ára.

Rekstrarkostnaður 2. ársfjórðungs 2025

- Rekstrarkostnaður á 2F 2025 nam 7.640 millj. kr. og hækkar um 1.435 millj. kr. milli ára eða um 23,1%.
- Launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 1.175 millj. kr. eða 26,6% milli ára en 5,9% án Lyfju.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.694 á fjórðungnum sem er fjölgun um 19,0% milli ára en 0,5% án Lyfju.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 261 millj. kr. eða um 14,5% milli ára en hækkar um 5,0% án Lyfju.

Milljónir króna	2F 2025	2F 2024	Breyt.	% Breyt.	6M 2025	6M 2024	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður								
Laun og annar starfsmannakostnaður	5.585	4.410	1.175	26,6%	10.890	8.357	2.532	30,3%
Annar rekstrarkostnaður								
Rekstrarkostnaður fasteigna	604	529	75	14,2%	1.196	1.054	141	13,4%
Viðhaldskostnaður	291	264	27	10,3%	588	547	41	7,5%
Sölu- og markaðskostnaður	542	481	61	12,7%	987	853	134	15,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	128	142	-14	-9,7%	282	258	24	9,3%
Samskiptakostnaður	344	253	91	35,9%	681	503	177	35,3%
Vátrygginga- og tjónakostnaður	41	48	-7	-14,1%	73	101	-28	-28,1%
Annar kostnaður	104	77	27	34,4%	215	172	43	24,8%
Samtals annar rekstrarkostnaður	2.055	1.794	261	14,5%	4.022	3.490	532	15,2%
Samtals rekstrarkostnaður	7.640	6.204	1.435	23,1%	14.911	11.847	3.064	25,9%

Laun og annar starfsmannakostnaður á 2F 2025 nam 5.585 millj. kr. samanborið við 4.410 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 26,6% hækkun milli ára en 5,9% án Lyfju. Fjöldi stöðugilda nam 1.694 á fjórðungnum sem er fjölgun um 271 stöðugildi eða 19,0% milli ára, en 0,5% án Lyfju. Meðallaunakostnaður á stöðugildi hækkar um 6,6% milli ára en 5,0% án Lyfju. Í heildina þá hækka laun og starfsmannakostnaður um 198 millj. kr. eða 4,5% ef ekki er tekið tillit til áhrifa af breytingum í stöðugildum. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Laun og starfsmannakostnaður samtals 2F 2024	4.410
Stöðugildi - breyting	977
Samningsbundnar launahækkunir	143
Breyting í starfsmannakostnaði	37
Kaupréttir	6
Aðrar breytingar	12
Laun og launatengd gjöld 2F 2025	5.585

Annar rekstrarkostnaður nam 2.055 millj. kr. samanborið við 1.794 millj. kr. árið áður sem er hækkun um 261 millj. kr. eða 14,5% en hækkar um 5,0% án áhrifa Lyfju. Áhrif verðbólgu og aukinnar sölu gætir á alla kostnaðarliði en ágætur árangur hefur náðst í aðhaldi alls rekstrarkostnaðar.

Fjármagnsliðir 2. ársfjórðungs 2025

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarféлага voru neikvæð um 734 millj. kr. samanborið við 763 millj. kr. neikvæð áhrif frá árinu áður. Kostnaðurinn lækkar því um 29 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnstekjur námu 87 millj. kr. og hækka um 13 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld námu 1.014 millj. kr. og hækka um 52 millj. kr. milli ára.
- Gengismunur var jákvæður um 7 millj. kr. og er jákvæð breyting um 15 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarféлага voru jákvæð um 187 millj. kr. og hækka um 53 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	2F 2025	2F 2024	Breyt.	% Breyt.	6M 2025	6M 2024	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	87	74	13	17,6%	209	159	50	31,6%
Fjármagnsgjöld	-1.014	-962	-52	5,4%	-1.974	-1.902	-72	3,8%
Gengismunur	7	-9	15	178,1%	-12	16	-29	-176,5%
Áhrif hlutdeildarféлага	187	134	53	39,8%	273	221	53	23,9%
Samtals	-734	-763	29	-3,9%	-1.505	-1.507	2	-0,1%

Fjármagnstekjur nema 87 millj. kr. og hækka um 13 millj. kr. milli ára. Fjármagnsgjöld námu 1.014 millj. kr. og hækka um 52 millj. kr. milli ára. Gengismunur var jákvæður um 7 millj. kr. sem er jákvæð aukning um 15 millj. kr. á milli ára. Áhrif hlutdeildarféлага voru jákvæð um 187 millj. kr. sem er hækkun um 53 millj. kr. milli ára.

Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 2. ársfjórðungs 2025

- Heildareignir námu 117,0 ma. kr. í lok fjórðungsins og hafa aukist um 2,1 ma. kr. frá áramótum.
- Fastafjármunir námu 89,7 ma. kr. og hafa hækkað um 1,4 ma. kr. frá áramótum.
- Veltufjármunir námu 27,3 ma. kr. og hafa aukist um 0,7 ma. kr. frá áramótum.
- Handbært fé nam 5,1 ma. kr. í lok 2F 2025 sem er hækkun um 1,1 ma. kr. frá áramótum.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 37,9 ma. kr. og hafa lækkað um 2,0 ma. kr. frá áramótum.
- Eiginfjárlutfall félagsins var 37,7% í lok 2F 2025 samanborið við 37,9% í árslok 2024.

Milljónir króna	30.6.2025	31.12.2024	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	18.367	18.367	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	8.011	8.197	-185	-2,3%
Rekstrarfjármunir	42.090	41.217	873	2,1%
Leigueignir	11.214	10.535	679	6,4%
Fjárfestingarfasteignir	7.292	7.012	280	4,0%
Birgðir	14.316	14.118	198	1,4%
Viðskiptakröfur	6.472	7.168	-696	-9,7%
Handbært fé	5.142	4.075	1.067	26,2%
Vaxtaberandi skuldir	43.030	43.956	-927	-2,1%
Nettó vaxtaberandi skuldir	37.887	39.881	-1.993	-5,0%
Eiginfjárlutfall	37,7%	37,9%	-0,2 p.p.	-0,4%
Veltuhraði vörubirgða	8,7	7,9	0,8	10,1%

Viðskiptavild nam 18.367 millj. kr. og stendur í stað frá áramótum. Aðrar óefnislegar eignir námu 8.011 millj. kr., sem er lækkun um 185 millj. kr. milli ára. Rekstrarfjármunir nema 42.090 millj. kr. og hækka um 873 millj. kr frá áramótum. Fjárfestingarfasteignir nema 7.292 millj. kr. og hækka um 280 millj. kr. frá áramótum.

Vörubirgðir hækka um 198 millj. kr. frá áramótum. Viðskiptakröfur lækka um 696 millj. kr og handbært fé hækkar um 1.067 millj. kr. frá áramótum.

Nettó vaxtaberandi skuldir námu samtals 37.887 millj. kr. sem er lækkun um 1.993 millj. kr. frá áramótum. Eiginfjárlutfall félagsins var 37,7% í lok 2F 2025 samanborið við 37,9% í lok árs 2024. Lausafjárstaða félagsins er góð og efnahagsreikningur félagsins sterkur.

Sjóðstreymi 2. ársfjórðungs 2025

- Handbært fé frá rekstri nam 5.205 millj. kr. sem er hækkun um 2.142 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 1.766 millj. kr. sem er hækkun um 1.236 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 3.353 millj. kr. sem er hækkun um 1.294 millj. kr. frá árinu áður.

Milljónir króna	2F 2025	2F 2024	Breyt.	% Breyt.	6M 2025	6M 2024	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi								
Handbært fé í byrjun tímabils	5.029	2.961	2.067	69,8%	4.075	3.362	713	21,2%
Handbært fé frá rekstri	5.205	3.063	2.142	69,9%	7.612	3.600	4.011	111,4%
Fjárfestingarhreyfingar	-1.766	-529	-1.236	233,5%	-2.530	-1.264	-1.266	100,2%
Fjármögnunarhreyfingar	-3.353	-2.059	-1.294	62,8%	-4.035	-2.284	-1.751	76,7%
Gengismunur af handbæru fé	27	-41	68	-166,4%	20	-20	40	-196,6%
Breyting á handbæru fé	87	475	-388	-81,7%	1.047	53	994	1876,6%
Handbært fé í lok tímabils	5.142	3.395	1.747	51,5%	5.142	3.395	1.747	51,5%

Handbært fé frá rekstri á 2F 2025 nam 5.205 millj. kr. sem er hækkun um 2.142 millj. kr. milli ára. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 1.766 millj. kr. og eru 1.236 millj. kr. hærri en árið áður. Fjármögnunarhreyfingar námu 3.353 millj. kr. sem er hækkun um 1.294 millj. kr. milli ára. Afborganir af langtímalánum námu 1.784 millj. kr., leiguskuldum 364 millj. kr og greiddur arður var 1.401 millj kr á fjórðungnum. Handbært fé jókst um 87 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2025 og nam handbært fé í lok tímabilsins 5.142 millj. kr.

Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2025

EBITDA spá félagsins fyrir 2025 var hækkuð 17. júlí sl. um 800 millj. kr. og nemur 15.200 – 15.600 millj. kr. CAPEX spá félagsins fyrir árið 2025 er hækkuð um 600 millj. kr. og nemur 5.800 – 6.200 millj. kr.

Eftirfarandi utanaðkomandi þættir geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins:

- Þróun verðbólgu og vaxtastigs, sem og gengi íslensku krónunnar.
- Þróun alþjóðamála og áhrif þeirra á millilandaviðskipti.
- Þróun stríðsátaka og áhrif þeirra á vöruframboð og heimsmarkaðsverð hrávara.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 2F 2025 nam 89,0 milljarði króna og hækkar um 0,7% frá ársbyrjun 2025.
- Hluthafar félagsins voru 1.653 í lok 2. ársfjórðungs 2025 og fjölgar um 434 frá áramótum.

Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, miðvikudaginn 30. júlí 2025

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður miðvikudaginn 30. júlí 2025 þar sem Ásta S. Fjeldsted forstjóri Festi og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Festi munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 -14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: <https://www.festi.is/tenglar/uppgjor-2F-2025>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@festi.is. Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://www.festi.is/fjarhagsupplysingar>

Fjárhagsdagatal

- 2F 2025: 29. júlí 2025
- 3F 2025: 30. október 2025
- 4F 2025: 5. febrúar 2026
- Aðalfundur 2026: 5. mars 2026

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri (asta@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs (mki@festi.is).